

Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.

73. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. Haldinn í slökkvistöðinni á Hellu, fimmtudaginn 28. júlí 2022, kl. 08:30.

Mættir: Anton Kári Halldórsson, Eggert Valur Guðmundsson, Leifur Bjarki Björnsson og Valtýr Valtýsson.

Dagskrá:

1. Kosning formanns, varaformanns og ritara.

Tillaga er um að Anton Kári Halldórsson verði kosinn formaður, Eggert Valur Guðmundsson varaformaður og Þráinn Ingólfsson ritari.

Samþykkt samhljóða.

2. Rekstraryfirlit

Farið yfir rekstraryfirlit fyrir fyrstu 6 mánuði ársins. Rekstur í góðu jafnvægi.

3. Önnur mál

Leifur Bjarki Björnsson fer yfir helstu verkefni Brunavarna Rangárvallasýslu bs. það sem af er árinu 2022. Fjöldi útkalla á árinu er eins og staðan er í dag 22. Vel hefur gengið að manna útköll og að meðaltali hafa um 16-20 manns verið að mæta í útköll. Mörg verkefni hafa verið á borði eldvarnaeftirlits þar sem mikil aukning hefur orðið í umsóknum um rekstrarleyfi.

Skv. Brunavarnaáætlun verður starf slökkvistjóra 100% starf um næstu áramót.

Verið er að undirbúa útboðsgögn vegna kaupa á nýjum slökkvibíl sem staðsettur verður á Hellu.

Rætt um uppbyggingu Brunavarna m.t.t. uppbyggingar Landsvirkjunnar í tengslum við virkjanaframkvæmdir í Rangárvallasýslu. Stjórn óskar eftir virku samtali við Landsvirkjun varðandi þessa þætti. Slökkvistjóra falið að boða til fundar í september.

Rætt um aðstöðu Brunavarna á Hvolsvelli. Formanni og slökkviliðsstjóra falið að vinna að þarfagreiningu slökkviliðs m.t.t. stærð og búnaðs húsnæðis. Einnig er formanni falið að eiga samráð við björgunarsveitina Dagrenningu og ef til vill fleiri aðila um staðsetningu og fyrirkomulag húsnæðismála þessara aðila.

Rætt um möguleika til að auka tekjustofn brunavarna. Nauðsynlegt er að kortleggja þá og kanna möguleika.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:07

Anton Kári Halldórsson
Eggert Valur Guðmundsson
Þráinn Ingólfsson
Leifur B. Björnsson